

## Sjálfbær innkaupastefna Regins hf.

Reginn hf. („Reginn eða „félagið“) er leiðandi í þróun sjálfbærs borgarsamfélags. Félagið stefnir að því að uppfylla þarfir viðskiptavina sinna, samstarfsaðila og birgja með góðri þjónustu sem skapar sameiginleg verðmæti og stuðlar samhlíða að þróun sjálfbærra bygginga og borga. Til að tryggja að sjálfbærri birgðakeðju sé viðhaldið í starfsemi sinni hefur Reginn innleitt sjálfbæra innkaupaáætlun sem leggur áherslu á ábyrg innkaup á byggingarefni, rekstrarvörum og búnaði.

Sjálfbær innkaup eru skilgreind hjá Reginn sem „*Innkaup á vöru þar sem uppruni vöru og þjónustu tekur tillit til umhverfislegra, félagslegra og siðferðilegra þátta yfir allan líftíma vöru eða þjónustu*“.

Stefna þessi útlistar nágun Regins að sjálfbærum innkaupum og er til leiðbeiningar fyrir alla starfsmenn, viðskiptafélaga, birgja og verktaka sem taka að sér vinnu við eignir Regins. Hafa skal sjálfbærnistefnu Regins og starfs- og siðareglur Regins og dótturfélaga til hliðsjónar við lestur stefnu.

### Ábyrg innkaup vegna byggingarefna og aðfanga

Allar timbur- og viðarvörur sem keyptar eru til byggingar, viðhalds, viðgerða, endurnýjunar og endurbóta skulu vera sjálfbærnivottaðar af Forest Stewardship Council (FSC) eða Program for the Endorsement of Forest Certification (PEFC). Verktakar sem vinna að eignum Regins skulu leggja fram gögn, þar á meðal vottorð og reikninga, til að staðfesta að farið sé að þessari kröfu.

Þegar sóst er eftir umhverfisvottun fyrir eign, svo sem BREEAM, LEED, WELL eða Nordic Swan, er í sumum tilvikum krafist sérstakra vöruupplýsinga eða vottunar á öðrum byggingarefnum og birgjar og verktakar þurfa því að geta vísað til viðeigandi upplýsinga/gagna.

### Innkaupastefna vegna viðhalds, viðgerða, breytinga og endurnýjun eigna

Áhersla skal lögð á endurnýtingu vara og efna sem þegar eru til staðar í eignum Regins eða dótturfélaga þegar rými er endurskipulagt eða breytt með öðrum hætti. Ef ómögulegt er að endurnýta efni skal kaupa vörur/efni sem hafa hlutið einhverja af eftirfarandi umhverfisvottunum: ESB umhverfismerkki, Blái engillinn, Svansmerkið, Green Seal, Good Environmental Choice (Bra Miljöval), eða EPD. Vörur sem hafa hlutið vottun þriðja aðila um



sjálfbærni vörðu/efna eru ákjósanlegar. Ef vörður/efni eru sambærileg skal velja þá sem hefur mestan heildarávinning fyrir umhverfið.

Velja skal eins umhverfisvænar vörur og kostur er, s.s. húsgögn og hreinsiefni, og eingöngu skal nota útblástursprófaðar og vottaðar vörur, s.s. vörur vottaðar samkvæmt Emicode, Nordic Swan Ecolabel, Finnish M1 eða Indoor Air Comfort.

Lögð skal áhersla á innkaup efna og vara sem mynda sem minnstan úrgang við uppsetningu og notkun og eru samþykkt af íslenskum endurvinnslubjónustum.

### **Innkaup á rekstrarvörum og búnaði**

Félagið leggur áherslu á að að velja umhverfismerktar rekstrarvörur og búnað. Allur pappír sem félagið kaupir er umhverfisvænn eða enduruninn. Reginn leggur áherslu á sjálfbærniviðleitni sína með því að auka hlutfall innkaupa af sjálfbærnivottuðum rekstrarvörum og tækjum s.s. skrifstofuhúsgögnum, skrifstofuvörum og hreinsiefnum.

Félagið mun fylgja markmiði sínu um að skipta út eldri vatnstaðkjum (s.s. vöskum og sturtum) fyrir nýrri tæki með vatnssparandi eiginleikum og það sama á við um kælitæki.

### **Birgjar og verktakar**

Leitast skal við að nýta þjónustu verktaka sem hafa vottað ISO 14001 umhverfisstjórnunarkerfi, eru vottaðir af löggið vottunaraðila Norræna Svans merkisins eða uppfylla sambærileg skilyrði. Ákjósanlegt er að velja birgja og/eða verktaka sem hafa gott viðskiptasiðferði að leiðarljósi, vekja athygli á málefnum tengdum sjálfbærni og hafa áhrif þvert á aðfangakeðjur vara eða þjónustu.

### **Sjálfbærnimarkmið og stefnumótandi markmið**

Markmiðum og stefnumarkandi markmiðum varðandi sjálfbær innkaup er lýst í sjálfbærnistefnu Regins. Markmiðin skulu endurskoðuð eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Skilvirkni sjálfbærrar innkaupaáætlunar og framkvæmd hennar í öllum rekstri félagsins skal endurskoða árlega.

Reginn ætlast til að verktakar dragi úr úrgangi, vatnsnotkun, lífsferlisáhrifum vara sinna og þjónustu og vinni að hringlaga hagkerfi.

### **Áhættustjórnun**

Hættan á að ekki verði farið að ákvæðum stefnu þessarar um uppruna timburs á ábyrgan hátt er lágmörkuð með því að krefjast vottorða og reikninga sem staðfesta FSC eða PEFC vottun. Áhættan er ekki talin mikil í ljósi þess að FSC og PEFC vottað timbur er viða fáanlegt á Íslandi.



Þegar samningar eru gerðir við fyrirtæki með ISO 14001 umhverfisstjórnunarkerfi skulu viðkomandi fyrirtæki sýna fram á staðfestingu eða vottorð frá löggiltum vottunaraðilum svansmerktrar þjónustu þ.e. vottorð sem staðfestir notkun á umhverfisstjórnunarkerfi fyrirtækis auk umhverfismerkinga.

#### Skilgreind tækifæri varðandi sjálfbær innkaup

- Innkaup á hágæða vörum með hliðsjón af mannréttindum og umhverfi í aðfangakeðjunni.
- Aukin samkeppnishæfni frá sjálfbærri hráefnisöflun og umhverfismerkum vörum.
- Draga úr þörf fyrir nýjar vörur með því að innleiða reglur um hringrásarhagkerfi.

#### Ábyrgð

Forstjóri, eða eftir atvikum framkvæmdastjórar bera ábyrgð á því að stefnu þessari um sjálfbær innkaup sé framfylgt. Stefnuna og markmið hennar skal endurskoða árlega. Stjórnendur bera ábyrgð á því að innleiða sjálfbærni-innkaupaáætlun félagsins í daglegan rekstur félagsins og setja markmið fyrir hverja einingu sem stuðlar að því að ná settum markmiðum félagsins til samræmis við sjálfbæra innkaupastefnu félagsins. Allt starfsfólk félagsins skal fá kynningu á áætluninni til að skilja áhrif starfa þeirra á markmið félagsins.

Samþykkt af stjórn Regins hf. þann 16. desember 2021

Tómas Kristjánsson

Albert Þór Jónsson

Bryndís Hrafnkelsdóttir

Guðrún Tinna Ólafsdóttir

Heiðrún Emilía Jónsdóttir

